

Samræmd próf í 4. og 7. bekk haustið 2006

Niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk liggja nú fyrir en prófin voru haldin 19. og 20. október sl.

Meðaltöl einkunnna í íslensku og stærðfræði í 4. bekk voru svipuð og síðastliðin ár en meðaltal á einkunnastiganum 1-10 var 6,7 í báðum greinum.

Í 7. bekk urðu nokkrar breytingar á meðaltölum frá því í fyrra. Meðaltal í íslensku lækkaði úr 7,3. Niður í 7,0 en meðaltal í stærðfræði hækkaði hins vegar úr 6,9 í 7,3. Virðist skýringin á að einkunnir í stærðfræði eru hærri í ár vera sú að nokkrir prófbættir voru léttari en undanfarin ár.

Á eftirfarandi töflu kemur fram fjöldi nemenda í hverju kjördæmi og meðaltal í námsgrein í báðum bekkjum.

Meðaltöl eftir kjördæmum (einkunnir á bilinu 1-10)

	4. bekkur		7. bekkur					
	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska				
	Fj.	M	Fj.	M	Fj.	M	Fj.	M
Reykjavík	1333	6,7	1293	6,8	1435	7,4	1389	7,0
Suðvesturkjördæmi	1048	6,8	998	6,7	1162	7,5	1133	7,0
Vesturkjördæmi	423	6,7	403	6,7	457	7,0	447	6,7
Norðausturkjördæmi	532	6,5	509	6,8	536	7,4	519	7,1
Suðurkjördæmi	630	6,4	594	6,4	683	7,0	668	6,7
Landið allt	3966	6,7	3797	6,7	4273	7,3	4156	7,0

© Námsmatsstofnun, 2007

Ekki er marktækur munur milli landshluta og er dreifingin svipuð og á síðasta ári.

Stúlkur standa sig betur

Þegar árangur kynja er skoðaður kemur í ljós að munur á frammistöðu kynjanna er mjög sambærilegur við síðastliðin ár, stúlkum í vil. Á eftirfarandi tveimur töflum má sjá hlutfall nemenda eftir kynjum og einkunnaflökum en einkunnum er skipt í þrjá flokka, þ.e. lága einkunn, meðal einkunn og háa einkunn.

Í 4. bekk eru 28% stúlkna með háa einkunn í íslensku en einungis tæp 19% drengja. Lítil munur er hins vegar almennt á frammistöðu kynjanna í stærðfræði.

Hlutfall (%) nemenda í 4. bekk 2006 með háa, meðal og lága einkunn í eftir kyni

	Lág (%)	Meðal (%)	Há (%)
Íslenska	22,3	54,3	23,4
Piltar	25,5	55,7	18,8
Stúlkur	19,2	52,9	28,0
Stærðfræði	22,7	54,5	22,8
Piltar	23,2	54,1	22,7
Stúlkur	22,3	54,8	22,9

© Námsmatsstofnun, 2007

Meiri munur er á kynjunum í 7. bekk, eða við 13 ára aldur. 28,6% stúlkna raða sér í flokk nemenda með háa einkunn í íslensku en 15,8%

drengja. Í stærðfræði er bilið milli kynjanna orðið ívið meira en í 4. bekk en 24,6% stúlkna eru með háa einkunn en 21,4% drengja.

Hlutfall (%) nemenda í 7. bekk 2006 með háa, meðal- og lága einkunn eftir kyni

	Lág einkunn (%)	Einkunn í meðallagi (%)	Há einkunn (%)
Íslenska	21,7	56,1	22,2
Piltar	27,6	56,6	15,8
Stúlkur	15,8	55,5	28,6
Stærðfræði	22,4	54,6	23,0
Piltar	24,0	54,6	21,4
Stúlkur	20,7	54,7	24,6

© Námsmatsstofnun, 2007

Þótt samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk séu ekki sambærileg PISA rannsókninni 2003, þar sem könnuð var frammistaða 15 ára nemenda í stærðfræði, lestri og náttúrufræði, koma niðurstöður þeirrar rannsóknar upp í hugann við skoðun niðurstaðna úr 4. og 7. bekkjar prófunum. Í PISA rannsókninni skoruðu íslenskar stúlkur fram úr og voru í 8. sæti í stærðfræði borið saman við allar stúlkur sem tóku þátt í rannsókninni en íslenskir drengir lentu í 20. sæti.

Skólahreysti 2007

Undankeppni í [Skólahreysti 2007](#) sem er samstarfsverkefni Osta og Smjörslunnar, menntamálaráðuneytis, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Toyota hófst í Íþróttahúsinu Austurbergi s.l. fimmtudag. Keppt verður í tíu undankeppnum víðsvegar um allt landið og keppa 10-14 skólar hverju sinni. Stigahæsta liðið úr hverri undankeppni mun síðan keppa í úrslitum í Laugardalshöll.

Gerður verður þáttur um hverja undankeppni og er hann sýndur á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 á Skjá 1. Úrslitin verða í beinni útsendingu. Nemendum í 9. og 10. bekk allra grunnskóla landsins er boðið að taka þátt í Skólahreysti 2007 þar sem reynir á líkamlegt og andlegt atgervi. Áhersla er lögð á að gera keppendur sýnilega. Keppnin þykir góð viðbót við skólalastar á Íslandi og er ein leið til að auka íþróttaleg samskipti á milli grunnskóla. Keppt var í tveimur riðlum og voru 22 grunnskólar mættir til leiks í þessari fyrstu undankeppni.

Ungt fólk 2006

Menntamálaráðuneyti stóð fyrir kynningarfundi þann 25. janúar sl., þar sem starfsfólk Rannsóknar og greiningar, þau dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson félagsfræðingur kynntu helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2006“. Rannsóknin viðkemur menntun, menningu, tómstundum, íþróttalögun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna og var lögð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins á síðasta ári.

Að kynningunni lokinni gafst fundarmönnum tækifæri til að bera fram spurningar um niðurstöður úr rannsókninni. Kynningarfundinn sóttu rúmlega eitt hundrað manns.

Hægt er að nálgast skýrsluna á [vef ráðuneytisins](#).

